

Grænfánafundur 12. janúar 2021

Mætt eru: Tinna María, Róbert Logi, Reynir Snær og Marísa Von.

Fundarstjóri Sigurbjörg.

Verkefni fundarinnar er að skoða hvað gerist þegar við tökum frosið vatn/klaka og förum með inn í hús.

Framkvæmd. Við fórum út og sóttum glösin okkar frá fyrri tilraun. Það var búið að vera frost svo vatnið var ennþá frosið. Við röðuðum glösunum með klakanum í gluggann og ræddum um hvað mögulega gæti gerst.

Tilgátur barnanna voru þessar.

- Þá vatnast það.
- Hættir að festast við botninn.
- Það bráðnar niður í glasinu.
- Það bráðnar.



Næstu daga ætlum við að fylgjast með hvað gerist með klakanum í glasinu.



